

Mánudaginn 13. mars 1978.

Nr. 151/1976. **Edda H. Þorsteinsdóttir**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Erni Ómari Guðjónssyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Arnljótur Björnsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 4. ágúst 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. júlí s. á. Hún krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Örn Ómar Guðjónsson, varð fjárráða eftir uppsögu héraðsdóms. Hefur hann sjálfur tekið við forræði málsins fyrir Hæstarétti. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðdragandi að árekstri þeim, sem um er fjallað í máli þessu, er ekki ljós. Skýrslum málsaðilja fyrir lögreglumönnum ber ekki saman, og þeir hafa ekki komið fyrir dóm. Bifreiðarnar höfðu verið færðar úr stað, áður en lögregla kom á vettvang, svo að ekki sést af uppdrætti af vettvangi, hvar þær staðnæmdust eftir áreksturinn. Á uppdrættinum er merktur sá staður, þar sem glerbrot lágu á götunni eftir áreksturinn, en vinstra stefnuljósker R 42307 að framan brotnaði við áreksturinn. Er staður þessi lítið eitt norðan við miðlínu Rjúpufells, og verður við það að miða, að þar hafi áreksturinn orðið. Samkvæmt því þykir í ljós leitt, að áfrýjandi hafi verið of innarlega á götunni, er hún beygði inn á Rjúpufell, og ekki verið alveg á hægri vegarhelmingi, þegar áreksturinn varð. Hefur hún með þessu brotið gegn 3. mgr. 46. gr. laga nr. 40/1968 og á því sök á árekstrinum.

Stefnda bar að sýna sérstaka varúð, er hann kom að Suður-

felli, sbr. c lið 3. mgr. 49. gr. laga nr. 40/1968, einkum gagnvart umferð á hægri hönd, sbr. 1. mgr. 48. gr. laga nr. 40/1968. Hemlaför eftir bifreið stefnda, sem lýst er í héraðsdómi, benda til þess, að hann hafi ekið of hratt miðað við aðstæður. Á hann því einnig nokkra sök á árekstrinum.

Samkvæmt þessu þykir rétt að skipta sök þannig, að áfrýjandi beri 2/3 hluta sakar. Ber henni að bæta tjón stefnda að þeim hluta, sbr. 68. gr. umferðarlaga.

Enginn ágreiningur er um fjárhæðir í máli þessu. Ber áfrýjanda því að greiða stefnda 25.238 krónur með vöxtum, svo sem krafist er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Edda H. Þorsteinsdóttir, greiði stefnda, Erni Ómari Guðjónssyni, 25.238 krónur með 13% ársvöxtum frá 22. september 1974 til greiðsludags og 60.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. febrúar 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var, að loknum munnlegum málflutningi, 19. þ. m., hefur Guðjón Friðleifsson höfðað fyrir hönd ólög-ráða sonar síns, Arnar Ómars Guðjónssonar, Rjúpufelli 23, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 25. febrúar 1975, gegn Eddu H. Þorsteinsdóttur, Rjúpufelli 25, Reykjavík, svo og til réttargæslu Samvinnutryggingum g/t, Ármúla 3, Reykjavík, til heimtu skaðabóta að fjárhæð kr. 52.257 með 18% ársvöxtum frá 22. september 1974 til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu, þó eigi lægri en skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ, aukatekjulögum og útlögðum kostnaði skv. reikningi. Stefnandi áskildi sér í stefnu rétt til þess að hækka vaxtafót.

Við munnlegan málflutning gerði stefnandi þær dómkröfur, að stefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 42.257 með 1½% dráttarvöxtum á mánuði frá 22. september 1974 til greiðsludags svo og málskostnað, eins og krafist er í stefnu.

Stefnda hefur krafist sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómara.

Af hálfu réttargæslustefnda eru ekki gerðar sjálfstæðar kröfur, enda eru eigi gerðar kröfur á hendur réttargæslustefnda.

Leitast hefur verið við að setta mál þetta, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að 22. september 1974 varð árekstur við mót gatnanna Rjúpufells og Suðurfells í Reykjavík á milli bifreiðanna R 42307, eign ófjárráða sonar stefnanda, og R 6732, eign stefndu, en sú bifreið er ábyrgðartryggð hjá réttargæslustefnda.

Tjón á bifreið stefnanda var skv. viðgerðarreikningi Bilaskálans h/f kr. 32.257. Viðgerðarkostnaður þessi var greiddur af stefnanda, réttargæslustefndi synjaði greiðsluskyldu. Að sögn stefnanda tók viðgerðin 10 daga, og krefur stefnandi um kr. 2.000 á dag í afnotatjón þann tíma. Við munnlegan málflutning lækkaði stefnandi kröfu sína um bætur vegna afnotamissis í kr. 1.000 á dag.

Í málinu liggur frammi lögregluskýrsla. Þar segir m. a. svo:

„Árekstur varð með bifreiðunum R-6732, sem var ekið austur Suðurfell og beygt til vinstri norður Rjúpufell, og R-42307, sem var ekið suður Rjúpufell.

Ökumaður bifreiðarinnar R-42307 sagðist hafa ekið suður Rjúpufell og að hann hafi hemlað, þegar hann sá, hvað hinn var innarlega í beygjunni.

Ökumaður bifreiðarinnar R-6732 sagðist hafa ekið austur Suðurfell og talið sig hafa nægan tíma til að taka vinstri beygju, norður Rjúpufell, áður en hin bifreiðin kæmi að gatnamótunum, og að bifreið sín hafi verið „því sem næst kyrrstæð“, er áreksturinn varð.

Sjáanlegt var, að bifreiðin R-42307 hafði verið færð fáeina metra aftur á bak til norðurs, eftir að áreksturinn varð. Ökumenn, sem báðir fóru frá staðnum, eftir að áreksturinn varð, í þeim tilgangi að tilkynna „aðstandendum“ og lögreglu um óhappið, álitu, að ungur maður, sem ók ljósum Landrover jeppa á eftir R-42307, hefði verið þar að verki.

Ökumaður bifreiðarinnar R-6732 sagðist álíta, að sín bifreið hefði einnig verið færð dálítið áfram, í norður átt.

Sjáanlegar skemmdir á bifreiðunum R-42307, vinstri framhjólahlíf dælduð, sama stefnuljósker brotið og höggvarahorn dældað, R-6732, vinstri hlið rifin og dælduð.“

Stefnandinn, Örn Ómar, mætti hjá rannsóknarlögreglu og var honum þar birt skýrsla lögreglu um málið og sýndur uppdráttur

af vettvangi. Sagði hann uppdráttinn ekki réttan að því leyti, að leið hinnar bifreiðarinnar hefði verið miklu nær horninu en þar er sýnt. Einnig hafi hin bifreiðin verið komin lengra inn í götuna, er hún stöðvaðist eftir áreksturinn. Þegar búið hafi verið að færa sína bifreið aftur á bak, þá hafi hin bifreiðin verið við hlið sinnar bifreiðar.

Stefnandi sagði rétt eftir sér haft í skýrslunni. Hann kvaðst hafa ætlað að beygja til hægri, en er hann hafi verið að nálgast gatnamótin, þá hafi hann séð, að hinni bifreiðinni var ekið ranglega í beygjuna, þannig að hún hafi alveg lokað fyrir sér leiðinni, og því kvaðst hann hafa hemlað. Síu bifreið hafi stöðvast um leið og áreksturinn varð, en hin bifreiðin haldið nokkuð áfram.

Hann kvaðst telja, að hemlaförin eftir sína bifreið hafi ekki byrjað svo snemma og þar er sýnt, enda hafi lögregluþjónninn, sem mældi, ekki verið alveg viss um það, en hann hafi talið hemlaförin eftir sína bifreið um 11 m. Hann segir, að á götunni hafi verið mold og möl, og munu því hemlaför eftir bifreiðina hafa verið lengri en ella. Hraði hjá sér, er hann hemlaði, hafi í mesta lagi verið milli 30—40 km/klst.

Fyrir rannsóknarlögreglu var stefndu Eddu kynnt skýrsla lögreglu og birtur uppdráttur af vettvangi. Hún sagði uppdráttinn réttan og rétt eftir sér haft í skýrslunni að því einu viðbættu, að þegar hún hafi séð mótaðilja sinn aka áfram inn á gatnamótin, hafi hún numið staðar og verið kyrr, þegar ekið var á bifreið hennar. Hún kvaðst telja, að mótaðili hennar hafi ekið hratt.

Af hálfu stefnanda er bótaskylda stefndu rökstudd með vísan til dskj. nr. 3, það er lögregluskýrslu. Ljóst virðist af afstöðumynd, að bifreiðinni R 6732 hafi verið ekið rangt og ólöglega í beygjunni og beygt of snemma og þannig í veg fyrir bifreið stefnanda, R 42307, og ekið á vinstra framhorn bifreiðar hans. Ljóst sé af afstöðumynd, að hvorug bifreiðin hafi verið á hraðri ferð og báðar hægt varlega á sér áður en árekstur varð, enda hafi bifreið stefnanda ætlað að beygja til hægri, en bifreið stefndu hafi verið í beygju. Ákomustaðurinn sé hægra megin við miðlínu Rjúpufells, þ. e. á akbraut stefnanda, en bifreið stefndu hafi verið komin af Suðurfelli inn á Rjúpufell og sé því við áreksturinn á röngum vegarhelmingi. Ökuleiðir bifreiðanna eigi ekki að skerst, ef rétt sé ekið, en bifreið stefndu taki beygjuna ólöglega og aki yfir ökuleið bifreiðar stefnanda á Rjúpufelli. Af þessum sökum njóti bifreið stefndu ekki forgangsréttar vegna „varúð til hægri“.

Við munnlegan málflutning voru kröfur stefnanda rökstuddar með vísan til framlagðrar lögregluskýrslu og meðfylgjandi afstöðumyndar, en eingöngu sé á þessum gögnum byggt. Árekstursstaðurinn hafi verið, þar sem merkt er E á afstöðumyndinni. Hemlaförin sýni, að stefnandi hafi ekið undir löglegum hámarks hraða. Áreksturinn hafi orðið á Rjúpufelli á vegarhelmingi stefnanda og hafi stefnda ekið á röngum vegarhelmingi. Stefnda hafi með akstri sínum brotið 2. mgr. 46. gr. umferðarlaga með því að taka beygjuna ranglega og ólöglega. Þessi akstursmáti stefnanda (sic) sé orsök árekstursins og beri stefnda því fulla bótaábyrgð gagnvart stefnanda.

Af hálfu stefndu er atvikum að árekstrinum lýst á þá leið, að stefnda hafi ekið austur Suðurfell og beygt til vinstri inn á Rjúpufell. Í þann mund hafi stefnandinn, Örn Ómar, ekið sinni bifreið suður Rjúpufell að nefndum gatnamótum. Hafi hann ekið það hratt, að hann hafi eigi getað stöðvað bifreið sína í tæka tíð, áður en að gatnamótunum kom, svo sem honum hafi borið að gera vegna umferðarréttar R 6732, sem hafi komið að gatnamótunum honum á hægri hönd. Hafi vinstra framhorn R 42307 rekist á aftanverða vinstri hlið R 6732, er sú bifreið hafi verið í eðlilegri beygju inn á Rjúpufell.

Stefnda hafi skýrt svo frá, að bifreið stefnanda hafi verið ekið hratt að gatnamótunum. Komi þetta heim við uppdráttinn, sem sýni löng hemlaför eftir bifreið þessa. Þá hafi stefnda stöðvað, er hún hafi gert sér grein fyrir hættulegum akstri stefnanda, og hafi bifreið sín verið kyrrstæð áður en R 42307 skall á henni.

Af hálfu stefndu er sýknukrafan reist á því, að stefnandinn, Örn Ómar, hafi einn átt sök á umræddum bifreiðaárekstri með því að virða að vettugi umferðarrétt stefndu og aka alltof hratt að gatnamótunum, sérstaklega með tilliti til þess, að honum hafi borið að vægja fyrir umferð frá hægri við gatnamótin og bifreið stefndu hafi verið komin á undan að gatnamótunum og blasti við.

Vegna hins ólögmeta aksturs stefnandans, Arnar Ómars, og gáleysis hans, sem liggi í augum uppi, beri honum að lögum að sanna meðsök stefndu í árekstrinum til þess að öðlast bótarétt gegn stefndu. Þá sönnun hafi stefnanda engan veginn tekist. Fullyrðingum stefnanda um óeðlilega þrönga beygju stefndu er mót-mælt sem röngum og ósönnuðum. Uppdrátturinn gefi slíkt ekki til kynna, en hann verði hér ríkast sönnunargagn. Jafnvel þótt stefnda hafi átt þess kost að taka eitthvað viðari beygju, þá megi ekki gera of strangar kröfur í því efni. Henni hafi borið að aka

að miðlínu Suðurfells, áður en hún hóf að beygja inn á Rjúpu-fell. Það geti orðið stutt í öfgar, ef leggja eigi á eftir nákvæman mælikvarða á staðsetningu bifreiðar í beygju og það sé hótmyndni næst að nota slíkt til að bera blak af öðrum ökumanni, sem orðið hafi valdur að árekstri með stórvægilegum og brýnum brotum á umferðarreglum. Það verði eitthvað umtalsvert að hafa farið aflaga í akstri gagnaðiljans, þegar svo sé, til þess að réttmæt ástæða geti orðið til að skipta sök. Hafa beri og í huga í þessu sambandi, að stórar bifreiðar verði á mörgum gatnamótum að aka inn á öfugan vegarhelming í beygju, sbr. t. d. strætisvagnar. Þeir, sem eiga að vægja við gatnamót, verði m. a. að hafa slíkt í huga og haga akstri í samræmi við það. Af hálfu stefndu er bent á breytt viðhorf dómstóla til sakarmats í umferðarmálum, m. a. eftir að sjálfábyrgð kom til sögu skv. 1. mgr. 73. gr. umferðar-laga. Horfið sé í greinilegum mæli frá sakarskiptingu, þótt eitt-hvað megi finna akstri þess til foráttu, sem umferðarrétt á. Sé þetta örugglega heppileg þróun.

Kröfufjárhæð er ekki mótmælt nema að því er tekur til afnota-missis. Sá þáttur kröfunnar sé alveg óreifaður og langt úr hófi fram. Er honum mótmælt sem slíkum.

Vaxtakröfu er mótmælt að því leyti sem hún er ólögmæt.

Stefnda áskildi sér í greinargerð rétt til að koma að gagnkröf-um í máli þessu vegna þess tjóns, er stefnda varð fyrir af völd-um árekstursins, hvort heldur til skuldajafnaðar eða með höfðun sjálfstæðrar gagnsakar.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefndu, að samkvæmt 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga hafi stefn-anda borið að víkja fyrir umferð frá hægri og þar af leiðandi hafi honum borið að vægja fyrir stefnanda (sic). Engin hemlaför hafi verið eftir bifreið stefndu, en löng hemlaför stefnanda bendi til þess, að stefnandi hafi ekið alltof hratt. Samkvæmt framlögðum uppdrætti hafi stefnandi verið innar á veginum en honum bar skv. 2. mgr. 46. gr. umferðarlaga. Stefnda hafi í grundvallar-atríðum ekið rétt og hafi átt rétt gagnvart stefnanda. Sá, sem eigi meginsök, eigi að bera tjón, hér eigi sakarskipting ekki við.

Jafnframt var því lýst yfir af hálfu stefndu við munnlegan málflutning, að ekki væri ágreiningur um viðgerðarkostnaðinn og ekki væri vefengt, að stefnandi hafi misst af afnotum bifreiðar sinnar í 10 daga, en kröfunni um kr. 1.000 á dag í afnotamissi var mótmælt sem alltof hárrí.

Dómarinn hefur farið á vettvang og kynnt sér aðstæður. Á

mótum Rjúpufells og Suðurfells er óbyggt svæði, þannig að útsýni er nokkuð gott.

Lögmenn aðilja lýstu yfir, að gagnaöflun væri lokið, án þess að nokkrar yfirheyrslur hefðu farið fram. Verður því við niðurstöðu málsins að byggja fyrst og fremst á hinni framlögðu lögregluskýrslu og uppdrætti þeim, sem henni fylgir, enda hafa lögmenn beggja aðilja vísað um rökstuðning fyrir kröfum sínum til þessa dómsskjals.

Eins og rakið hefur verið, kemur fram í lögregluskýrslu, að bifreið stefnanda hafi eftir áreksturinn verið færð aftur á bak til norðurs, og jafnframt kemur þar fram, að stefnda telji, að sín bifreið hafi einnig verið færð dálítið áfram í norður átt.

Þegar litið er til hemlafara bifreiðar stefnanda eins og þau eru sýnd á hinum framlagða uppdrætti, þess staðar, sem merktur er glerbrot á uppdrættinum, og ákomustaða á bifreiðunum, þá verður að telja, að áreksturinn hafi orðið inni á Rjúpufelli eilítið vinstra megin við miðju Rjúpufells miðað við akstursstefnu stefndu, og þykir stefnda því ekki hafa gætt ákvæða 2. mgr. 46. gr. laga nr. 40 frá 1968. Ósannað er, að stefnandi hafi ekið óhæfilega hratt. Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, þá þykir meginorsök árekstursins vera akstursmáti stefndu, en hún hafi, þá er hún beygði af Suðurfelli inn á Rjúpufell, tekið of þrönga beygju. Ekki hefur verið í ljós leitt, að akstur stefnanda hafi verið vitaverður. Þykir því verða að fella á stefndu fébótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Stefnandi hefur lagt fram sem dskj. nr. 4 viðgerðarreikning að fjárhæð kr. 32.257. Fjárhæð reiknings þessa er ekki vefengd, og verður hún því tekin til greina að öllu leyti. Ekki er vefengt, að stefnandi hafi misst af afnotum bifreiðar sinnar í 10 daga. Bætur til stefnanda vegna afnotamissis þykja hæfilega ákveðnar kr. 5.000. Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndu ber að greiða stefnanda kr. 37.257. Vextir ákveðast 13% á ári.

Málkostnaður telst hæfilega ákveðinn kr. 24.000.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefnda, Edda H. Þorsteinsdóttir, greiði stefnanda, Guðjóni Friðleifssyni f. h. ólöggráða sonar hans, Arnar Ómars, kr. 37.257 með 13% ársvöxtum frá 22. september 1974 til greiðsludags og kr. 24.000 í málkostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.